

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir og áheiti, enn fremur sala minningarkorta o. fl., er sjóðsstjórnin ákveður.

4. gr.

Sjóðurinn er eign kvenfélagsins Ársól og skipa stjórn hans þrjár konur, kosnar á aðalfundi félagsins ár hvert.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal sjóðurinn ávaxtast, þar til hann er orðinn 5 þúsund krónur og má þá veita úr honum allt að helmingi af árstekjum sjóðsins. Þegar sjóðurinn er orðinn 10 þúsund krónur, má verja allt að $\frac{3}{4}$ árstekna samkvæmt tilgangi sjóðsins.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna fyrir góða hirðingu blóma- og trjágarða við íbúðarhús í Suðureyrarhreppi og skal jafnframt taka tillit til snyrtingar og útlits húsanna sjálfra.

Heimilt skal og að veita úr sjóðnum til styrktar öðrum menningarmálum innan hreppsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi umsjón hans og geymir eignaskilríki og önnur skjöl. Skal hún halda gjörðabók um ákvarðanir til fjáröflunar og úthlutanir úr sjóðnum, er til kemur og semja ársreikning. Ársreikning sjóðsins skal árlega birta með efnahagsreikningi kvenfélagsins Ársól.

8. gr.

Sjóðurinn skal fyrst um sinn ávaxtast í Sparisjóði Súgfirðinga, en stjórn sjóðsins skal skylt að flytja hann í Landsbanka Íslands að nokkru leyti eða öllu, ef hún telur það tryggara.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 21. september 1949.

F. h. kvenfélagsins Ársól,

Sigrún Sturludóttir,
formaður.

REGLUGERÐ

um störf lækna við Sjúkrahúsið á Húsavík.

1. gr.

Yfirlæknir sjúkrahússins er formaður læknaíðs þess. Hann hefur réttindi og starfsskyldur samkvæmt sjúkrahúsalögum, en auk þess skal hann skipuleggja heilbrigðisþjónustu spítalans og hafa eftirlit með starfslíði, er að henni starfar. Hann tekur við beiðnum um innritun nýrra sjúklunga og stuðlar að hagræðingu í daglegum rekstri. Hann ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu sjúkrahússins gagnvart sjúkrahússtjórn.

2. gr.

Yfirlæknir og aðrir læknar, sem ráðnir eru að sjúkrahúsinu, skipa samstarfsnefnd, er sé ráðgefandi fyrir stjórn sjúkrahússins um allt, er varðar læknisþjónustu, samstarf og samhæfingu starfskrafta. Hún skal stuðla að þróun í starfsemi sjúkrahússins, þjónustugæðum, menntun lækna og annars starfsliðs. Samstarfsnefnd ber ábyrgð á því að staðli um læknisþjónustu sjúkrahúsa, ef settur verður, sé fylgt. Yfirlæknir er málssvari samstarfsnefndar gagnvart sjúkrahússtjórn.

3. gr.

Samstarfsnefnd heldur fundi daglega, þegar þess er kostur og ekki sjaldnar en 2—3 í viku. Á þessum fundum verði m. a. fjallað um eftirfarandi atriði:

- a. Skýrsla um síðustu vakt (vaktir).
- b. Greint sé frá innritun bráðra sjúkdómstílfella í sjúkrahúsið.
- c. Rætt um sjúkdómsgreiningu og meðferð sjúklinga á sjúkrahúsinu og ávallt skýrt frá breytingum á meðferð.
- d. Rædd sérstök sjúkdómstílfelli, valin daginn áður en með lengri fyrirvara.
- e. Ákvarðanir um stundun sjúklinga, þ. á m. hvaða læknir skuli aðallega annast meðferð „akut“ innlags sjúklings (sjúklinga) frá síðasta fundi nefndarinnar.
- f. Væntanlegar útskriftir sjúklinga.
- g. Væntanlegar innritanir sjúklinga.

4. gr.

Um verkaskiptingu lækna í sjúkrahúsinu og skiptingu sjúklinga milli lækna fer eftir samkomulagi þeirra, og/eða reglum, er sjúkrahússtjórn setur, að fengnum tillögum samstarfsnefndar. Innritun bráðra sjúkdómstílfella og fyrstu meðferð annast vakthafandi læknir og gerir sjúkrahússkýrslu.

Innritun sjúklings af biðlista skal, sé þess kostur, ákveðin með nokkrum fyrirvara og hvaða læknir skuli annast hann öðrum fremur. Stefnt sé að því, að þau hlutföll, sem samkomulag næst um varðandi starfssvið og skiptingu sjúklinga milli lækna, raskist sem minnst, a. m. k. ekki um lengri tíma.

Útskrift sjúklings og ritun læknabréfs annast sá læknir, sem aðallega hefur stundað sjúklinginn.

Yfirlæknir mælir yfirleitt fyrir um allar meiri háttar aðgerðir.

5. gr.

Stofugang að morgni annast læknar saman og kynnast meðferð sjúklinga hvers annars. Kvöldstofugang annast vakthafandi læknir.

6. gr.

Læknar sjúkrahússins gegna störfum yfirlæknis í fjarveru hans skv. ákvörðun sjúkrahússtjórnar, að fengnum tillögum samstarfsnefndar.

7. gr.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda strax, að því leyti sem aðstæður leyfa að mati sjúkrahússtjórnar, en að öllu leyti eigi síðar en 1. apríl 1970.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Sjúkrahússins í Húsavík, staðfestist hér með samkv. 3. gr. sjúkrahúsálaga nr. 54/1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. apríl 1969.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.